FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Reglur
um vistun fanga á öryggisdeild
Fangelsisins Litla-Hrauni

1. gr.

Öryggisdeild er í húsi 1, deild A, í Fangelsinu Litla-Hrauni.

2. gr.

Á öryggisdeild er unnt að vista fanga sem gerst hafa sekir um alvarleg eða ítrekuð agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geta ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar.

3. gr.

Forstöðumaður fangelsisins tekur ákvörðun um að vista skuli fanga á öryggisdeild, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega og skrá. Vistun á öryggisdeild má ákvarða í allt að 3 mánuði í senn.

4. gr.

Stundi fangi, sem vistaður er á öryggisdeild, vinnu eða nám skal sú starfsemi að jafnaði fara fram þar.

5. gr.

Um heimsóknir til fanga sem vistaðir eru á öryggisdeild gilda ákvæði 33.–35. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, 7.-13. gr. reglugerðar nr. 961/2005 og verklagsreglur Fangelsismálastofnunar um heimsóknir í fangelsi.

6. gr.

Um símtöl fanga sem vistaðir eru á öryggisdeild gildir 36. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Hlusta skal á öll símtöl fanga á öryggisdeild að undanskildum símtölum við lögmann, opinberar stofnanir og umboðsmann Alþingis.

7. gr.

Fangi sem vistaður er á öryggisdeild á rétt á útiveru og að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa í að minnsta kosti eina og hálfa klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi. Útivera og tómstundir fanga á öryggisdeild skulu að jafnaði fara fram á öðrum tíma en útivera og tómstundir annarra fanga.

FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

8. gr.

Forstöðumaður getur leyft fanga sem vistaður er á öryggisdeild að hafa í klefa sínum sjónvarpstæki, útvarpstæki og leikjatölvu án nettengingar.

9. gr.

Forstöðumaður getur ákveðið að klefar fanga sem vistast á öryggisdeild séu ekki opnir á sama tíma ef nauðsynlegt þykir vegna öryggis í fangelsinu.

10. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Öðlast þær þegar gildi.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 6. júní 2012

Páll E. Winkel